

Ár 2022, mánudaginn 3. október er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Helga R. Magnússyni og Þresti Ríkharðssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 10/2022:

Framkvæmdastjóri KSÍ
gegn
Knattspyrnufélaginu Árbæ

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Aðilar máls:

Kærandi:
Framkvæmdastjóri KSÍ
Klara Bjartmarz

Kærði:
Knattspyrnufélagið Árbær
Fyrirsvarsmaður: Tindur Örvar Örvarsson

II.

Málsatvik:

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 27. september 2022 var tekin fyrir greinargerð sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar þann 13. september, skv. 20. gr. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra að málið varði ósæmileg opinber ummæli Gylfa Tryggvasonar leikmanns/þjálfara Árbæjar í mfl. karla., í hlaðvarpsþættinum Ástríðan (20. umferð – Dalvíkingur dæmir hjá Dalvík og Þróttur í Lengjudeildina) sem aðgengilegur er m.a. á vefmiðlinum fótbolti.net. Var um að ræða opinber ummæli sem eru að mati framkvæmdastjóra til þess fallin að skaða ímynd íslenskrar knattspyrnu og með þeim hafi alvarlega verið vegið að heiðarleika dómara í leik Dalvíkur/Reynis og Elliða í 3. deild karla, þann 3. september sl.

Ummæli sem vitnað er til í greinargerð framkvæmdastjóra eru eftirfarandi:

„Einn maður sem hlustar ekki á þáttinn [...] Ég vona innilega að Birgir Þór Prastarson heyri þetta núna því hann heyrði þetta greinilega ekki í síðasta þætti. Því af hverju byrjaði ég að tala um þetta? Út af því að Birgir Þór Prastarson spilaði með Dalvík/Reyni og er mættur núna að dæma hjá Kormáki/Hvöt - Dalvík/Reyni [...] og var ömurlegur í þessum leik samkvæmt Kormáki/Hvöt“

Ég segi þetta út af þessu [...] Kemur í ljós að Dalvík er að spila við Elliða og heyrðu hver er að dæma leikinn? Birgir Þór Þrastarson. Fyrir utan það að þú dæmir ekki tvisvar í röð hjá sama liði sem er bara óskrifuð regla, eða var það allavega hjá mér.

[...] Nei heyrðu KSÍ bara gerir ekkert í þessu og leyfa bara hlutdræga Dalvíkingnum að dæma hjá Dalvík. Aftur hann var ömurlegur, Dalvík vannur 3-2, Elliði kemst 1-0 yfir. Dalvíkingar jafna með einhverju kjaftæðis marki sem var alltaf brot heyrði maður. Og bara þetta er svo galið."

[...] Þældu í því hvað þetta er galið. Galið.

[...] „Auðvitað er þetta sparnaður, alveg eins og þegar Davíð Guðmundsson dæmdi leik hjá Skallagrími skráður í Skallagrím, auðvitað er þetta bara sparnaður, þetta er bara svo galið að KSÍ sé að spara sér peninga með að láta dómara sem halda með öðru liðinu dæma hjá þeim."

[...] „Þetta er svo glórulaust, fyrir utan það hvað þetta er lélegt hjá KSÍ."

[...] „Þetta er bara svo lélegt, og við erum með hérna lið í 3. deildinni eins og Dalvík/Reynir sem er að borga leikmönnum fyrir að spila þú veist og talandi um hérna Atla Svein hérna áðan, við erum að reyna að losna við einhvern pöbbastimpil, við erum að reyna gera fótboltann betri á Íslandi, við erum að bæta við hérna 5. deild og Utandeild til að losna við þessi rusl lið til að geta gert þetta almennilega. Byrjið þið á að fokking velja dómara á leiki sem eru hlutlausir. Þið dómara hættið að vinna þessu vinnu ef þið getið ekki unnið hana hlutlaust, ef þið eruð að fara dæma hjá liði sem þið haldið með eða spiluðuð með, eða spiluðuð með þjálfaranum, hættiði að dæma þessa leiki og Birgir Þór plís hlustaðu maður, þetta er ekki hægt.

[...] Þú ert svo varnalaus, þú mætir inn í leik og veist að dómari heldur með hinu liðinu, þú veist það fyrir leik, þú bara veist það, hann var að spila og hvað áttu að gera, það er ekki hægt að einbeita sér að þessu, það er ekki hægt að spila fótbolta þegar þú efast um heilindi.

Í samræmi við grein 20.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál ber að fara með mál, sem framkvæmdastjóri vísar til nefndarinnar á grundvelli 20. greinar, eins og um kærsmål sé að ræða. Greinargerðin framkvæmdastjóra var því send til knattspyrnufélagsins Árbæjar og félaginu gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum í málinu á framfæri við nefndina fyrir kl. 12:00 þriðjudaginn 20. september 2022.

Á fundi nefndarinnar 27. september 2022 lá fyrir greinargerð sem barst nefndinni þann 20. september sl. frá Gylfa Tryggvasyni leikmanni/þjálfara Árbæjar. Í greinargerðinni kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Ummælin voru alls ekki til þess fallin að skaða ímynd knattspyrnunnar heldur þvert á móti til að vekja athygli á málafllokki sem undirritaður telur að þarfnist úrbóta.“

„Undirritaður hefur séð að hans mati of mörg dæmi um að leikir fari fram þar sem tengingin er ansi sterk og það hefur oft verið augljóst í frammistöðu þeirra dómara. Að fjalla um þetta er ekki gert til að skaða ímynd knattspyrnunnar heldur til að benda á að hér þarf klárlega að gera betur, hvort sem KSÍ taki til sín ábyrgð

og leiti leiða til að koma í veg fyrir þetta, eða dómara sjálfir taki til sín ábyrgð og reyni að forðast að dæma hjá liðum sem þeir bera tilfinningar til. Auðvitað erum við á Íslandi þar sem allir þekkja alla og KSÍ (sem og aðrir) þurfa ekki endilega að vera sammála undirrituðum um að þetta sé vandamál sem þurfi að laga en mikilvægt er að fram komi að umfjöllunin var í þeim tilgangi að gera knattspyrnu á Íslandi faglegri og betri.“

„Til að draga þetta saman eru talin upp ummæli úr þætti Ástríðunnar. Undirritaður getur ekki fallist á að þessi ummæli hafi verið til þess fallin að skaða ímynd knattspyrnunnar. Undirritaður kom fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda og leitaðist alls ekki við því að gera neitt sem til vanvirðu mætti telja fyrir knattspyrnuna. Sum ummælana sem talin voru upp eru einfaldlega staðreyndir. Sum ummælana eru skoðanir undirritaðs sem undirritaður er ósammála að skaði ímynd knattspyrnunnar.

Við þetta má bæta að umfjöllunin var engu að síður ósanngjörn gagnvart Birgi Þór Þrastarsyni. Hann var beðinn afsökunar sama dag og þátturinn kom út og honum tilkynnt að hann yrði beðinn afsökunar í næsta þætti einnig. Hann tók við þeirri afsökunarbeiðni og málið var leyst. Degi seinna var skrifuð frétt upp úr þættinum þar sem hann var nafngreindur og mynd látin fylgja með af honum. Þá blöskrað honum og hans bandamönnum og voru meðlimir þáttarins látnir vita af því. Í kjölfarið gáfu meðlimir þáttarins út opinbera yfirlýsingu þar sem hann var beðinn afsökunar auk þess sem það var gert í næsta þætti. Umfjöllunin var ekki nægilega vönduð gagnvart Birgi Þór. Hann kom verr út en hann hefði þurft að gera þar sem þessi umfjöllun snerist ekki einungis að honum heldur almennt að þessu málefni, þótt kveikjan hafi auðvitað verið leikur sem hann dæmdi. Meðlimir þáttarins tóku ábyrgð á því samstundis. En eins og fram hefur komið er undirritaður algjörlega ósammála því að ummælin sem talin eru upp í kærinni séu refsiverð.“

III.

Niðurstaða:

Fyrir liggur að taka þarf afstöðu til þess hvort framkoma leikmanns/þjálfara í mfl. karla hjá Árbæ, Gylfa Tryggvasonar, sem vitnað er til í greinargerð frá framkvæmdastjóra KSÍ, dags. 13. september sl., falli undir ákvæði 20. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Framkvæmdastjóra KSÍ er heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar atvikum sem skaðað geta ímynd knattspyrnunnar eða þeirra sem þátt taka í leiknum. Slík atvik hafa þá ekki komið fram í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanns á leiknum en geta verið hvers kyns ósæmleg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega.“

Með vísan til greinar 4.1. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót skulu félög, iðkendur, forystumenn og aðrir jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu

leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina. Sérhvert félag er ábyrgt fyrir framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við kappleik, sbr. grein 4.2. sömu reglugerðar. Ennfremur segir í grein 5.10. laga KSÍ, að sérhvert aðildarfélag skal bera ábyrgð á framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverki að gegna á vegum þess vegna ámælisverðrar eða óásættanlegrar framkomu þessara aðila innan vébanda KSÍ, og getur sætt viðurlögum sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og reglugerðum KSÍ.

Að því virtu og öðrum fyrirleggjandi gögnum er það álit aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að tilvitnuð opinber ummæli Gylfa Tryggvasonar hafi verið ósæmileg, þau hafi verið óvægin og hafi skaðað ímynd íslenskrar knattspyrnu. Samkvæmt þessu falla ummæli Gylfa undir ákvæði 20. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, grein 12.9.e), hefur brot á 20. grein í för með sér sekt að fjárhæð kr. 200.000,- en þó ekki lægri en kr. 50.000,- og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið.

Ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á fundi sínum 27. september 2022 að sekta knattspyrnufélagið Árbæ, um kr. 50.000,- vegna framangreindra opinberra ummæla Gylfa Tryggvasonar.

IV.

Úrskurðarorð:

Knattspyrnufélagið Árbær skal sæta sekt að upphæð kr. 50.000,- til KSÍ.

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Gunnar Guðmundsson [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]

Þróstur Ríkharðsson [sign]